Akureyrarbær

Öldungaráð - 28 - Fundargerð

28. fundur
miðvikudaginn 12. apríl 2023 kl. 13:00 – 14:45
Fundarsalur 1. hæð Glerárgötu 26

Nefndarmenn
Hjálmar Pálsson formaður
Hildur Brynjarsdóttir
Hallgrímur Gíslason fulltrúi EBAK
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir fulltrúi EBAK
Þorgerður Jóna Þorgilsdóttir fulltrúi EBAK
Eva Björg Guðmundsdóttir fulltrúi HSN

Starfsmenn
Bjarki Ármann Oddsson forstöðumaður skrifstofu ritaði fundargerð
Halla Birgisdóttir Ottesen forstöðumaður tómstundamála

Brynjólfur Ingvarsson F-lista komst ekki til fundarins né varamaður hans.

1. Kynning frá öldrunarsálfræðingi
2023040232

Líney Úlfarsdóttir öldrunarsálfræðingur hjá HSN kom á fundinn og fjallaði um málefni eldra fólks og sagði frá störfum sínum.

Öldungaráð þakkar Líneyju fyrir kynninguna og fagnar því að fá öldrunarsálfræðing til starfa á Akureyri.

2. Staðan á húsnæðismálum á Hjúkrunarheimilinu Hlíð
2023040348

Þóra Sif Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri hjúkrunar kynnti stöðuna á Hlíð vegna lokunar hjúkrunarrýma og stöðu á biðlistum í dagvistun og í hvíldarinnlagnir.

Öldungaráð þakkar Þóru fyrir kynninguna.
Öldungaráð ítrekar bókun sína frá síðasta fundi ráðsins og lýsir yfir miklum áhyggjum af málefnum Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Hlíðar og hvetur alla hlutaðeigandi aðila til að leysa málin sem fyrst.

3. Starfsáætlun öldungaráðs 2023
2022120098

Umfjöllun og kynning á starfsáætlun öldungaráðs.

Fundi slitið.